

## REGLUGERÐ

### um starfstíma grunnskóla.

#### 1. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla skal vera níu mánuðir á hverju skólaári og hefjast 1. september en ljúka 31. maí.

#### 2. gr.

Með hliðsjón af atvinnuháttum og aðstæðum í einstökum skólahverfum má veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. gr. Skólanefnd leggur þá fram við fræðslustjóra rökstudda beiðni um tímabundna undanþágu frá níu mánaða starfstíma. Að fenginni tillögu fræðslustjóra og umsögn skólustjóra úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort eða að hve miklu leyti slík undanþága skuli veitt og til hve langs tíma.

Æski skólanefnd að hluta námsskyldu barna sé fullnægt með sumarskóla getur menntamálaráðuneytið heimilað það að fenginni umsögn fræðslustjóra.

#### 3. gr.

Fjöldi starfsdaga grunnskóla er breytilegur frá ári til árs eftir því hvort hlaupár er og hvort 1. desember eða 1. maí falla á laugardag eða sunnudag svo og hvort hvítasunna er á starfstíma skóla eða ekki.

Menntamálaráðuneytið skal eigi síðar en 15. mars ár hvert gefa út skóladagatal fyrir næsta skólaár. Í skóladagatali eru tilgreindir starfsdagar grunnskóla frá 1. september til 31. maí, fastir leyfis dagar og önnur þau atriði sem gilda um hvert skólaár sérstaklega.

#### 4. gr.

Árlegur fjöldi kennsludaga er fjöldi starfsdaga að frádregnum föstum leyfis dögum, prófdögum, skóladögum sem falla niður af óviðráðanlegum ástæðum s.s. vegna óveðurs og skóladögum sem notaðir eru til annarra starfa en kennslu sbr. 7. gr.

Auk daga sem kennt er samkvæmt fullri stundaskrá teljast kennsludagar:

- skólasetningardagur og skólaslitadagur sem nemendur eru viðstaddir
- skólaskemmtanir og sýningar á skólatíma með almennri þátttöku nemenda
- vettvangsferðir, skíðaferðir, skólaferðalög, starfsfræðsla, landgræðslustörf og önnur skipuleg kennsla utan skólans samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla enda njóti aðrir nemendur skólans fullrar kennslu samkvæmt stundaskrá.

#### 5. gr.

Fastir leyfis dagar eru samkvæmt 47. gr. laga nr 49/1991 um grunnskóla og reglugerð um leyfi í skólum nr 80/1976.

## 6. gr.

Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstíma, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins. Hluti námsmats getur farið fram með prófum.

Heimilt er að fella niður kennslu vegna prófa eða annars námsmats sem hér segir:

Í 1. - 3. bekk. Mest þrjú daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 4. bekk. Mest fimm daga á skólaári.

Í 5. - 7. bekk. Mest sex daga á skólaári í hverjum bekk.

Í 8. - 10. bekk. Mest tólf daga á skólaári í hverjum bekk. Samræmd lokapróf í 10. bekk eru meðtalin.

## 7. gr.

Í níu mánaða skólum má verja allt að þremur dögum áður en kennsla hefst að hausti og allt að þremur dögum eftir að henni lýkur að vori til undirbúnings og frágangs. Í skólum sem starfa í fulla níu mánuði er heimilt að verja allt að 6 dögum á skólaári eftir að kennsla hefst og áður en henni lýkur til annarra starfa en kennslu. Þess skal gætt að niðurfelling kennslu af þessum sökum raski sem minnst högum nemenda og heimila.

Fræðslustjóri getur heimilað niðurfellingu kennslu umfram það sem tilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar vegna námskeiða og fræðslufunda.

## 8. gr.

Skólastjóri skal árlega í samráði við kennararáð/kennarafund gera áætlun um skólastarfið á komandi skólaári þar sem fram kemur upphafs- og lokadagur skólahalds, fjöldi kennsludaga og prófdaga svo og ráðstöfun þeirra daga sem varið er til annarra starfa í þágu skólans en til kennslu sbr. 7. gr.

Áætlunin skal kynnt starfsmönnum skólans og foreldrum eða fulltrúum þeirra og send fræðslustjóra til samþykktar.

Afrit af stundaskrá nemenda skulu send fræðslustjóra fyrir 15. september ár hvert.

## 9. gr.

Skólar sem fengið hafa undanþágu frá níu mánaða starfstíma sbr. 2. gr. skulu gera fræðslustjóra sérstaka grein fyrir því hvernig þeim dögum sem á vantar níu mánaða starfstíma, verður ráðstafað í þágu skólans.

## 10. gr.

Um vikulegan kennslutíma á hvern nemanda í grunnskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga hverju sinni og ákvörðun menntamálaráðuneytisins í viðmiðunarstundaskrá.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 45. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og öðlast hún þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um starfstíma grunnskóla nr. 191/1984.

*Reykjavík, 13. apríl 1992.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Sólrún Jensdóttir.*